

Verklagsreglur Norðurþings vegna leikskóladvalar utan lögheimilissveitarfélags

Norðurþing vinnur samkvæmt viðmiðunarreglum sambands sveitarfélaga vegna leikskóladvalar utan lögheimilissveitarfélags og fer um meðferð umsókna samkvæmt þeim sé annað ekki tekið fram hér að neðan.

Í þeim tilfellum sem að forsjáraðili barns óskar eftir leikskóladvöl fyrir barn utan lögheimilissveitarfélags gildir eftirfarandi:

Umsóknum skal fylgja rökstuðningur sérfræðings skólaþjónustu, sálfræðings eða annars meðferðaraðila.

Alla jafnan skal miða við að námsvist sé tímabundin, þ.e. skemmri en eitt skólaár. Heimilt er að gera undanþágu frá þessari reglu sé það í þágu velferðar nemenda að mati sérfræðinga skólaþjónustu eða meðferðaraðila.

Umsóknum skal beina til fræðslu- og menningarfulltrúa sem að afgreiðir umsóknir á grundvelli umsagna sérfræðinga skólaskrifstofu eða meðferðaraðila. Svara skal innan tveggja vikna frá því að umsókn er móttakin.

Samþykkt á fundi fræðslu- og menningarnefndar 14. janúar 2015.

Staðfest á fundi bæjarstjórnar 20. janúar 2015